

**Sp.**

**435. Svar**

**[78. mál]**

viðskiptaráðherra við fyrirspurn Sighvats Björgvinssonar og Helga Seljan um útflutning á ferskum fiski.

**Útflutningur á ferskum fiski.**

Fiskur fluttur út með flutningaskipum (gámum) á tímabilinu jan.–31. okt. á s. l. ári nam 26,6 þús. tonn. Fiskur fluttur út með fiskiskipum á sama tíma nam 26,5 þús. tonn.

Úrvinnslu á veiðiskýrslum fyrir tímabilið jan.–okt. er ekki lokið en af útflutningi jan.–sept. s.l. árs, þ.e. með flutningaskipum (gámum) 22,3 þús. tonn og fiskiskipum 21,6 þús. tonn, skiptist aflinn eftir tegundum sem hér segir:

Þorskur	40,1%
Ýsa	14,4%
Ufsi	5,3%
Karfi	20,1%
Grálúða	4,7%
Skarkoli	10,6%
Annað	4,8%

**Hluti af aflkvóta.**

Mest magn hafa þau skip flutt út sem undanfarin ár hafa selt verulegan hluta af afla sínum á mörkuðum erlendis:

B/v Karlsefni RE 24	1 630 tonn
B/v Ögri RE 72	1 519 tonn
B/v Vigri RE 71	1 501 tonn
B/v Ýmir HF 343	1 330 tonn

Meginhluti aflakvóta þessara skipa hefur nýst á þennan veg.

**Sala aflans.**

Ekki er unnt að gefa viðhlítandi svar við því hvort einhver hluti þess afla, sem fluttur hefur verið út, hafi verið seldur fiskvinnslustöðvum til fullvinnslu. Þó skal tekið fram að þeir, sem gleggst fylgjast með sölum erlendis, telja að eitthvert magn fari til fiskvinnslustöðva eins og ávallt hefur verið.

Skilaverð á gámafiski, sem seldur er erlendis, er mun hærra en það verð sem fæst fyrir fiskinn hér heima. Að jafnaði má gera ráð fyrir að munurinn sé 80% og eins og sölunni hefur verið háttað að undanfögnu gæti verið um tvöföldun verðs að ræða. Er þá tekið tillit til endanlegs bolfiskverðs hér innanlands og söluverðs erlendis að frádregnum kostnaði.

Upplýsingar í svari þessu eru fengnar frá Fiskifélagi Íslands.